

## Jón Prándur Stefánsson

---

**Frá:** Dagur Si <dagur2471@gmail.com>  
**Sent:** mánudagur, 3. febrúar 2020 22:59  
**Til:** Kristján Þór Júlíusson (Alþingi); Jón Prándur Stefánsson; Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
**Efni:** Vegna úthlutun byggðakvóta í Fjallabyggð

Undirritaður mótmælir harðlega ákvörðun bæjarráðs Fjallabyggðar á fundi 21.janúar, 3.dagskárlið þar sem lagt var til að ekki yrði sett hámark á einstaka skip við úthlutun byggðakvóta í Fjallabyggð. Þetta leiðir til þess að lang stærsti hluti kvótans fer til eins kvótasterkasta fyrirtæki landsins sem starfar á Siglufirði.

Vil ég vekja athygli á að ný fiskvinnsla er að hefja starfsemi á Siglufirði, sem mun leiða til þess að Grásleppa og bolfiskur verður unnin í bænum, meðal annars með byggðakvóta í huga.

Með úthlutun byggðakvóta er verið að stuðla að aukinni starfsemi fiskvinnslu í bæjarfélögum út á landi, með nýrri fiskvinnslu á Siglufirði skapast möguleiki til þess að landa afla til vinnslu í heimabyggð. Þessar tillögur að breyttum reglum á úthlutun byggðakvótans standast ekki það markmið sem kvótinn stendur fyrir.

Ég legg til að bæjarráð breyti tillögum sínum á þann hátt að hámark verði sett á einstaka báta yfir 30bt. Þannig mun bæjarráð styrkja smábátaútgerð í Fjallabyggð með því að auka möguleika þeirra á að sækja fisk sem fiskvinnsla vinnur í heimabyggð.

03.02.2020

Örvar Andri Sævarsson.